

Nr. 47/1908:

Guðmundur Pétursson
gegn
Marino Hafstein

Úrskurður:

Umboðsmaður áfrýjanda hefir farið fram á, að sér verði veittur 6 mánaða frestur til að láta staðfesta með vitnaleiðslu vottorð, er hann hefir lagt fram í yfirdóminum, en umboðsmaður stefnda hefir mótmælt, en til vara að sér verði veittur 1—2 vikna frestur til andsvara, og hafa málsaðilar lagt þennan ágreining undir úrskurð réttarins.

Með því að það verður eigi betur séð af skjölum þeim, sem fram eru lögð fyrir yfirdóminum, að áminst vottorð, þó að þau væru staðfest fyrir rétti, geti ráðið neinu um úrslit þessa máls, verður hinn umbeðni frestur til vitnaleiðslu ekki veittur gegn mótmælum stefnda, en áfrýjanda veitist vikufrestur til andsvara í málinu.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur til vitnaleiðslu verður eigi veittur, en áfrýjanda veitist vikufrestur til andsvara í málinu.

Mánudaginn 8. marzmán.

Nr. 48/1908:

Emil Schou og
Sighvatur Bjarnason bankastjórar
fyrir hönd Íslandsbanka
gegn
Lárusi Benediktssyni emerítpresti

D ó m u r :

Þann 19. maí 1906 fekk Árni Thorlacius búfræðingur víxillán í Íslandsbanka, að upphæð 1500 kr., en stefndi, Lárus Benediktsson uppgjafaprestur gerðist ábyrgðarmaður fyrir láninu, þannig að hann ritaði nafn sitt sem útgefandi og framseljandi á víxilinn, en Árni ritaði samþykki á hann. Til tryggingar því, að stefndi biði eigi tjón af þessari ábyrgð sinni, veðsetti Árni honum húseign sína Skipholt á Bráðræðisholti með 2. veðrétti og uppfærslurétti eftir veðskuld til Landsbankans að upphæð 3500 kr., og fekk honum jafnframt að handveði lífsábyrgðarskírteini að upphæð 1000 kr., en þetta skírteini virðast málsaðilar fyrir yfirdóminum vera sammála um að hafi verið verðlaust. Var veðbréfið með þessum tryggingum gefið út um leið og víxillánið var tekið, og var þar meðal annars ákveðið, að veðhafi skyldi halda veðinu óskertu meðan hann væri í nokkurri hættu eða ábyrgð út af víxilláninu eða framlenging þess. Þetta veðbréf afhenti stefndi Íslandsbanka eftir kröfu hans til frekari tryggingar víxilláninu, og tók bankinn jafnframt við gjaldi fyrir þinglestur bréfsins af Árna, sem átti að greiða þann kostnað. Vixill þessi var endurnýjaður tvisvar, 19. nóvbr 1906 og 19. maí 1907, og var upphæð hans þá fyrir afborganir komin niður í 1200 kr. Á næsta gjalddaga 19. nóvbr. 1907 fékst eigi víxillinn endurnýjaður og Árni greiddi eigi upphæð hans og lét þá bankinn afsegja víxilinn vegna greiðslufalls, og greiddi þá stefndi samkvæmt kröfu bankans upphæð víxilsins, auk $\frac{1}{8}$ % þóknunar og kostnaðar, samtals 9 kr. 80 aura. Stefndi fékk þá afhent veðt réf Árna, það er áður er

getið, en það kom þá í ljós, að það hafði eigi verið þinglesið, og hafði veðið, húseignin Skipholt, gengið kaupum og sölum tvisvar sinnum eftir að veðbréfið til stefnda var gefið út, og verið veðsett smámsaman öðrum fyrir svo miklum skuldum, að veðréttur stefnda var orðinn einskis virði. Höfðaði stefndi þá mál gegn Árna, og fekk hann dæmdan til að greiða sér víxilupphæðina ásamt vöxtum og málskostnaði, en fjárnámstilraun hjá honum eftir dóminum varð árangurslaus, með því að hann reyndist alveg efnaless. Stefndi áleit þá, að Íslandsbanki hefði tekið á sig þá skyldu, að annast þinglestur bréfsins í tæka tíð, og með því að vanrækja þessa skyldu sína hafi hann orðið þess valdandi, að stefndi náði eigi kröfu sinni hjá Árna, og höfðaði hann því mál þetta fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfrýjandanum fyrir hönd Íslandsbanka, til að bæta sér tjón það, er hann taldi sig hafa beðið fyrir vanrækslu bankans, og var það mál dæmt 17. sept. f. á., á þá leið, að áfrýjendur voru samkvæmt kröfu stefnda dæmdir fyrir hönd Íslandsbanka til að greiða stefnda upphæð víxilsins 1200 kr. með 7% vöxtum frá 19. nóvbr. 1907, er stefndi greiddi bankanum víxilupphæðina, til borgunardags, $\frac{1}{3}$ % þóknun af sömu upphæð og kostnað við málssókn gegn Árna Thorlacius og fjárnám hjá honum, samtals 165 kr. 74 a., með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. En málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 9. okt. f. á., og hefir þess verið krafist af þeirra hálfu fyrir yfirdóminum, að áfrýjendurnir verði algjörlega sýknaðir af kærnum og kröfum stefnda og að hann verði, hvernig sem málinu lýkur, dæmdur

til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu eða með einhverju eftir réttarins mati nægilegu.

Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Eins og áður er tekið fram, heldur stefndi því fram í máli þessu, að Íslandsbanki hafi verið skyldur til að annast þinglestur á veðbréfi Árna Thorlacius, er hann fékk stefnda til tryggingar því, að hann skyldi eigi biða tjón af ábyrgð sinni fyrir hann, og að bankinn fyrir vanrækslu á þessari skyldu sinni hljóti að bæta sér það tjón, er hann hafi orðið fyrir, af því að veðbréfið varð honum ónýtt. Það er nú enginn vafi á því, að stefndi hefði komist hjá öllu tjóni af vixilábyrgðinni, ef veðbréfið hefði verið þinglesið í tíma, en ágreiningurinn er um það, hvort bankinn hafi tekið á sig skylduna að láta þinglýsa bréfið. Því hafa áfrýjendur neitað. Þeir halda því fram, að bankinn hafi í því tilliti ekki haft annara hagsmuna að gæta en sinna eigin, hann hafi þeirra vegna eigi álitnið nauðsyn á að þinglesa bréfið, enda hafi það ekki komið að skaða fyrir hann; hann hafi aldrei skuldbundið sig til að annast þinglesturinn fyrir stefnda eða vegna hans hagsmuna; þeirra hafi stefndi sjálfur átt að gæta, og hann hafi ekki sýnt það í neinu, að honum væri áhugamál, að bréfið væri þinglesið, hvorki með því að beiðast þess eða krefjast, að bankinn gjörði það fyrir hann, eða með því að grenslast eftir því, einkanlega við endurnýjanir á vixlinum, hvort þinglýsing hefði fram farið á veðbréfinu. Þinglestrargjald hafi bankinn tekið að eins til vonar og vara, ef hann kynni sjálfs síns vegna að finna ástæðu til að þinglesa bréfið.

Það er að vísu rétt, að bankinn mun ekki beint hafa lokað stefnda að annast þinglestur umrædds veðbréfs, en af því leiðir ekki, að atvik hafi eigi getað legið svo til, að hann hafi alt að einu orðið skyldur til þess gagnvart stefnda. Hér voru atvik þau, að stefndi hafði útvegað sér tryggingu með veðbréfinu; það var gefið út til hans en eigi til bankans, og þar sem stefndi fekk honum það sem tryggingu fyrir greiðslu víxilsins, þá veitti hann með því bankanum sömu tryggingu, sem hann hafði sjálfur. Bankinn og hann urðu við það sameigendur að þeirri tryggingu. En trygging sú var því að eins nokkurs virði fyrir báða, að veðbréfið væri þinglesið eins og vera bar. Það er ekkert komið fram um það og engin ástæða til að álíta, að veðbréfið hafi verið gefið út að eins til þess að tryggja bankann einan. Ef svo hefði verið, hefði verið eðlilegast, að það hefði verið gefið út til bankans sem veðhafa, en það var gefið út til stefnda sem veðhafa. Bankanum gat því ekki dulist það, að það var áhugamál stefnda, að trygging þessi, sem hann hafði útvegað sér sjálfur fyrst og fremst, yrði ekki að engu, og þar sem bankinn tók við gjaldi fyrir þinglestur veðbréfsins, þá gaf hann stefnda réttmæta ástæðu til að skilja það svo og byggja á því, að hann tæki að sér að annast þinglestur bréfsins, sem augljóslega var jafnt áriðandi fyrir báða, bankann og stefnda. Stefndi gat ekki búist við því, að bankinn legði þinglestrargjaldið fyrir hjá sér, úr því að hann krafðist þess og það var honum greitt. En þar sem stefndi þannig með réttu mátti byggja á því, að bankinn hefði tekið að sér að láta þinglesa veðbréfið, til þess að gjöra trygginguna, er það veitti bæði bankanum og stefnda, örugga, þá verður það heldur ekki

lagt honum til lasts, eða talin vanræksla af honum eða áhugaleysi, er hefði réttartöpun í þessu tilliti í för með sér, þó að honum kæmi eigi til hugar, að bankinn gætti eigi þessarar skyldu sinnar, og grenslaðist því eigi frekar eftir því síðar, t. d. við endurtrygging vixilsins, hvort þinglesturinn í raun og veru hefði átt sér stað.

Það verður samkvæmt þessu að álíta að Íslandsbanki hafi gagnvart stefnda tekið á sig þá skyldu, að annast þinglestur veðbréfs þess, er hér er um að ræða, og að hann fyrir vanrækslu þeirrar skyldu sinnar verði að bæta stefnda það fjártjón, er hann hefir orðið fyrir við það, að veðbréfið varð honum ónýtt. Um upphæð tjónsins, eins og stefndi hefir talið það, og bæjarþingsdómurinn tekið það til greina, er enginn ágreiningur, og ber því að staðfesta dóm þennan í öllum greinum. Það þykir rétt, eftir þessum úrslitum málsins, að áfrýjendurnir greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Afryjendurnir, bankastjórnarnir Emil Schou og Sighvatur Bjarnason fyrir hönd Íslandsbanka greiði stefnda uppgjafapresti Lárusi Benediktssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 40 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.